

**Nd.**

**190. Frumvarp til laga**

**[101. mál]**

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

**1. gr.**

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

- 1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
- 2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
- 3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraulalaga og þings-ályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd skal kjósa 3 af nefndarmönnum með hlutfallskosningu og jafnmarga til vara, er séu ríkisstjórninni til ráðuneytis um utanríkismál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 56 1938, um breyt. á l. um þingsköp Alþingis, nr. 115 19. nóv. 1936.

**Greinargerð.**

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að milli lýðræðisflokka og kommúnista er staðfest djúp varðandi stefnu Íslendinga í utanríkismálum. Lýðræðisflokkarnir telja sér því ekki fært, vegna öryggis þjóðarinnar, að kveðja kommúnista til ráða um ákvarðanir í ýmsum atriðum á þessu mikilvæga sviði þjóðmálanna. Er frumvarp þetta flutt í því skyni að veita ríkisstjórninni kost á því að ráðfæra sig, jafnt milli þinga sem á þingtíma, við þá, sem þingið sérstaklega hefur kosið til þess að vera ríkisstjórninni til aðstoðar í mikilvægum ákvörðunum í þessum efnum, án þess að neyðast til þess að sýna kommúnistum óverðskuldaðan trúnað. Eftir sem áður hafa kommúnistar þau áhrif á meðferð utanríkismálanna á þingi, þ. á m. í utanríkismálanefnd, sem þeir samkvæmt þingfylgi sínu eiga kröfu á.